

Vinnuskýrslur fornleifa 2005: 9

Fornleifaskráning í Kluftum Hrunamannahreppi Árnessýslu



Guðrún Sveinbjarnardóttir

Reykjavík 2005

Ljósmynd á forsíðu: Bæjarhúsin í Kluftum, séð í norðaustur.
Ljósmynd: Guðjón Emilsson á Flúðum, 1955.

© Guðrún Sveinbjarnardóttir

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Fornleifaskráningin - aðferðir	5
Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat	6
Staðhættir og lýsing	6
Heimildarmenn og heimildaskrá	6
Staðhættir í Kluftum	6
Byggðasaga	6
Fornleifaskrá	7
Niðurstöður skráningar	15
Heimildaskrá	15

Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Klufta leituðu Suðurlandsskógar til skýrsluhöfundar um að gera fornleifaskráningu í bæjarlandinu, en samkvæmt 11. grein Þjóðminjalaga verður slík skráning að fara fram áður en framkvæmdir af þessu tagi hefjast. Farið var yfir allt bæjarlandið með tilliti til byggðaminja og örnefna. Langflestar minjar var að finna nálægt bæjarstæðinu. Aðeins ein rúst (15) var allfjarri bæjarhúsum. Hún var í svonefndum Fagradal og var eftir sauðahús (merkt þannig á korti). Þar sem veðurskilyrði voru óhagstæð á skráningardaginn tók einn landeigenda, Björn B. Jónsson, að sér að mæla rústina upp og ljósmynda síðar um haustið.

Skráning á vettvangi var gerð 16. júlí 2005. Björn B. Jónsson, einn eigenda jarðarinnar, kom á vettvang áður en skráning hófst og skýrði frá aðstæðum. Hann og sameigendur hans eignuðust jörðina árið 2003. Suðurlandsskógar útveguðu loftmynd af landareigninni og eru mmjamar merktar inná það (sjá útbrotið kort aftast í skýrslunni). Ekkert hafði áður verið skráð í landi þessarar jarðar í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulands/ag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt

tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bæn húsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður, vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú og þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en þó er heimilt að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. grein.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef fornleifar, sem ekki var vitað um, finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Ef fornleifar koma í ljós við jarðrask skal

stöðva vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir mega halda áfram (sjá 13. gr). Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. Þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram. Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

Markmið fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Hún kemur einnig að notum í minjavörslunni við ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Þá nýtist hún við rannsóknir og kynningar. Að auki er þeim sem stýra framkvæmdum hagur að því að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Það auðveldar þeim að taka tillit til minjanna við

skipulagsvinnu og gerir þeim kleift að nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Minni líkur eru einnig á því að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka, en kostnaður við þær getur verið mikill, auk þess sem tafir á framkvæmdum geta haft mikinn kostnað í för með sér. Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur hvað fornleifafræðinni viðkemur. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en þar sem þess er ekki kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur Fornleifavernd krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þess vegna (sjá 14. gr. þjml).

Fornleifaskráningin - aðferðir

Fornleifaskráningin í Kluftum fylgir sömu aðferðum og fornleifaskrár Þjóðminjasafns Íslands sem skráðar eru í skráningarkerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá (6 stafa númerið - 166791 - við hvern minjastað) og jarðaskiptingu eins og hún kemur fram í Jarðatali Johnsens frá 1847 (3ja stafa númerið - 305 - við hvern minjastað). Þar á eftir kemur hlaupandi númer, eitt fyrir hvern minjastað fyrir sig. Hver jörð hlýtur einkennisstaf eða stafi. Kluftir ber einkennisstafina KLU. Við vettvangsskráninguna var notað lítið GPS staðsetningartæki og eru niðurstöður mælinganna skráðar við þá minjastaði sem við á: norður- og vesturbreidd, og hæð yfir sjó. Skekkja tækisins var að meðaltali 6 m.

Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat

Ofangreind efnisatriði eru skráð við hvern minjastað þar sem þau eru þekkt. Með

sérheiti er átt við örnefni viðkomandi staðar ef til er, t.d. Stöðull; *hlutverk* er t.d. bústaður, sel, kvíar; *tegund* er venjulega töft eða heimild, það síðarnefnda ef ekki sjást merki um minjarnar; *ástand* getur verið gott, sæmilegt eða slæmt og er metið við skráningu á vettvangi; *hættumat* byggist á hættu af völdum náttúru, t.d. vegna uppblásturs, eða manna, þ.e. vegna ábúðar, byggingar- og ræktunarframkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Hér er greint frá afstöðu minjanna í landslaginu og til annarra nálægra minja í bæjarlandinu, og umhverfi þeirra lýst eftir því sem unnt er. Hér er einnig lýsing á minjunum sjálfum.

Heimildamaður og heimildaskrá

Við hvern minjastað er getið þeirra heimilda, bæði frá einstaklingum og úr ritum, sem stuðst er við til að fá upplýsinga um hann. Þar sem engar upplýsingar eru til er þessum atriðum sleppt í upptalningunni. Heimilda er einnig getið innan sviga í textanum þar sem við á. Þá er heimildaskrá aftast þar sem getið er allra þeirra heimilda sem stuðst er við í skýrslunni.

Staðhættir í Kluftum

"Kaldbakur stendur efst í byggð í tungunni á milli Stóru- og Litlu-Laxáanna. Líðlega 2 km í hánorður frá bænum stóð bærinn Kluftir (eða Kluftar; nefndur Klyttar um 1600) í ásóttum rana fram úr heiðarbrúninni. Landið liggur hátt, bæjarstæðið er í u.þ.b. 200 m h.y.s. og hér var stórlega vetrarhart. Afréttir liggja ofan byggðar upp fyrir Kerlingafjöll og að Jökulkvísl. Að vestan er Hvítá, að austan Stóra Laxá, en ofan hennar markalína um Rjúpnafell vestra" (Árbók Ferðafélags Íslands 1996). Jörðin er nokkuð afskekkt - liggur ofarlega í Hrunamannaafrétti sem nær allt inn til Horsjökuls. Þegar skráning fór fram lá aðeins vegarslóði fær jeppum heim að bænum.

Byggðasaga

Árið 1686 var jörðin eign konungs, dýrleiki 20hdr. 1695/97 var jörðin eign Þykkvabæjarklausturs og 6 hdr. að dýrleika (Björn Láusson 1967, 335).

Árið 1709 var jörðin eign Hrunakirkju og hafði einn ábúanda. Landskuld var sögð 11 álnir og hafa alltaf verið. Leigukúgildi voru 4 en höfðu verið 5 áður en Hekla gaus, en gosið olli miklum landspjöllum (JÁM 2, 256-257).

Þó að jörðin liggi hátt og hafi verið harðbýl á vetrum, var þar graslendi gott til beitar. Þekkt er sagan af kúnni Huppu frá Kluftum, sem fæddist 3. nóvember 1926. Afurðir hennar og kynbótagildi voru rómuð.

Bærinn í Kluftum fór í eyði 1954 og varð þá eign Hrunamannahrepps. Núverandi eigendur eignuðust jörðina 2003. Bæjarhús voru rifin um 1960.

Í Landnámu segir að bræðurnir Bröndólfur og Már Naddoddssynir hafi numið Hrunamannaafrétt. Bröndólfur bjó að Berghyl. Már bjó að Mástöðum (ÍF I, 382-383). Berghylur heitir bær sunnan við Kluftir, ekki langt frá kirkjustaðnum Hruna, en nú er enginn bær til sem heitir Mástaðir.

Fornleifaskrá

KLÚ-166791 305 - 01

N64 12.334 W20 09.290

Sérheiti:	Kluftir
Hlutverk:	bústaður
Tegund:	bæjarhóll
Ástand:	hús hafa verið rifin
Hættumat:	hætta vegna skógræktar


Staðhættir og lýsing

Norðan við bæinn er gil, ræktað heimatún er vestan og austan við. Allt um kring er mjög grasi gróið (mynd 1). Landslag einkennist af lágum grjóthálsum.



Mynd 1. Bæjarstæðið, 305-01, séð í norðvestur.

Grunnflötur húsasamstæðunnar er greinilegur og húsaskipan er þekkt (sjá mynd 2), en einstök hús innan samstæðunnar eru misgreinileg, eins og rýmið (XI) milli hesthúss/fjóss (X) og baðstofu (V), og skemma (II) og fjós (IV) sitt hvoru megin við hlöðuna (III). Veggir eru grjóthlaðnir innan, grasi grónir utan. Í X var bárujárn og timbur úr þaki. Hlaðan (III) er mikið niðurgráfin. Austan við hana, austast á bæjarhlaðinu, er hestasteinn.



Mynd 2. Uppdráttur af bæjarhúsum, 305-01. I: bæjargöng, II: skemma, III: hlaða, IV: fjós, V: baðstofa, VI: búr, VII: hlóðaelldhús, VIII, IX: heygarður, X: hesthús/fjós, XI: garður og hlandfor þegar X var fjós.

Aðrar upplýsingar

Garðar Gestsson lýsir húsaskipan og daglegu lífi í torfbænum eins og að neðan greinir í verkefni sem dóttir hans Kristgerður vann í áfanganum Sagnfræði og sögunám við Kennaraháskóla Íslands árið 1998: "... komið var inn bæjargöng og þaðan var gengið inn í eldhús sem var í enda baðstofunnar, eldhúsið var þiljað af og fyrir innan það var baðstofan með 4 rúmum. Tvö rúm voru með hvorum langvegg. Í rúmunum sváfu móðir mín og með henni bróðir minn. Faðir minn var í hinu rúminu og með honum systir mín. Í þriðja rúminu svaf ég svo sjálfur Garðar og hinir og þessir með mér. Það var vinnufólk sem var stundum hjá okkur, sérstaklega þegar mamma var að eignast bróður minn og þegar pabbi meiddist, því þá var fengin hjálp við vinnustörf. Og einnig þegar gestir komu, þá sváfu þeir í rúminu hjá mér" (www.islandia.is/brynjarog_krissa/daglegt_lif.htm). Garðar var aðeins 8 ára þegar hann fluttist frá Kluftum og eru minningar hans frá þeim tíma gloppóttar.

Heimildamaður:

Garðar Gestsson, f. 1946, bjó á Kluftum til 1954, þá 8 ára, nú búsettur á Selfossi. Helga Guðmundsdóttir, f. 1931, bjó á Kluftum til 1944, þá 13 ára.

KLU-166791 305 - 02

N64 12.396 W20 09.251

269 m.y.s.

Hlutverk: hrútakofi
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tóftin er í norðurjaðri heimatúnsins, í norðaustur frá bænum. Norðan hennar er grasi gróin brekka.

Þetta er lítil ferhyrnd tóft með dyrum á suðurgafli. Innanmál er c. 2 x 1 m. Veggir standa mest í um 1,4 m hæð. Austan við er



Mynd 3. Hrútakofi (til hægri) og gerði/heytoft, 305-02, séð í suður.

gerði/heytoft, lengd í austur er 7 m, breidd 3,5 m. Hvorutveggja er grafið inn í hlíðina.

Aðrar upplýsingar

Þessi kofi var ekki notaður þegar Garðar Guðmundsson bjó hér, síðustu ár búskapar.

KLU-166791 305 - 03

N64.12.450 W20 09.180
275 m.y.s.

Hlutverk: túngarður
Tegund: hleðsla
Ástand: gott, en rofinn í endann
Hættumat: hætta vegna rofs

Staðhættir og lýsing

Túngarður sem markar austurhlíð heimatúnsins vísar í 100°. Ofan á torfhlöðnum vegg eru staurar og vír. Þvert á þennan garð er veggjabrot í efri jaðri túnsins, sem vísar til norðurs. Hann er um 28 m langur, allhár (0,75 m neðanfrá, 0,35 m ofanfrá) og greinilegur. Sunnar eru túngarðsleifar sem liggja austan við núverandi garð, fyrst á ská á hann, svo í sveig yfir læk. Þessi garður nær að næsta læk sem er sunnar, þar sem hann er í rofinu í rofbarði (á N64 12.430 W 20 08.982) (sjá mynd). Þvert á þennan garð liggur túngarður sem umlykur túnið sunnan við lækinn.



Mynd 4. Túngarðar, 305-03, séð frá toft 305-04, í norðvestur.

KLU-166791 305 - 04

N64 12.418 W20 08.881
264 m.y.s.

Hlutverk: fjárhús og hlaða
Tegund: toft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Þessi hús standa austast í syðra túninu austan við bæinn, suðvestan við túngarð 305-04. Kafloðið túnið er allt um kring. Innanmál fjárhúsanna er 6,5 x 3 m; garði eða jata er eftir þeim endilöngum. Hlaðan er við austurendann, u.þ.b. 3 m löng að innanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir úr flötum steinum.



Mynd 5. Fjárhús og hlaða, 305-004, séð í norðvestur.

KLU-166791 305 - 05

N64 12.361W2008.936

Hlutverk: hestagirðing
Tegund: hleðsla
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Nokkrir lágir og mjóir garðar í vestur frá suðvesturhorni túngarðs umhverfis syðra tún, vestan við túnið (nær bænum). Um 0,5 m breiður, 0,25 m hár. Sveigir í 260°, síðan í 210° út á vegarslóðann sem liggur heim að bænum. Mosavaxinn og yfirgróinn. Annar garður, hár og greinilegur, mætir þessum úr norðausturhorni syðra túns, vísar í 215°. Syðst er miðja hans alveg eydd. 0,7-0,8 m breiður og hár. Garðarnir mætast og halda báðir áfram út á fyrrgreindan vegarslóða.

KLU-166791 305 - 06

N64 12.292 W20 09.126

Hlutverk: kindakofi
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna framkvæmda



Mynd 6. Kindakofi, 305-06, séð í suður.

Staðhættir og lýsing

Tóftin stendur hátt, í suðaustur frá bænum, rétt við vegarslóðann heim að honum, beint á móti þar sem verið var að setja niður hús.

Hún vísar í suður, kampar hafa líklega verið á inngangi, veggir eru hátt hlaðnir, innanmál 3-4 x 1-2 m.

Aðrar upplýsingar

Þetta var tóft þegar Helga Guðmundsdóttir bjó hér, en hún fluttist burt 1944, þá 13 ára gömul.

Heimildarmaður: Helga Guðmundsdóttir sem bjó í Kluftum til 1944 og var þá 13 ára gömul.

KLU-166791 305 - 07

N64 12.362 W20 09.336

Sérheiti: Klufti/Huldufólkssteinn
Hlutverk: álagablettur
Tegund: steinn
Ástand: gott
Hættumat: engin hætta

Staðhættir og lýsing

Steinninn stendur í Kluftahvamm, rétt austan við lækinn í Gljúfrinu. Umhverfis og uppá hann er grasi gróið. "Ofar í túninu við Bæjargljúfrið hefur IE [Ingimundur Einarsson] annan Kluftahvamm. Þar er steinn sem nefnist Klufti (131) (Þ B) [Þorsteinn Bjarnason], og af honum mun nafn hvammsins dregið. Gestur Guðbrandsson segir, að þessi hvammur hafi líka verið nefndur Litlihvammur (132) eða Hulduhvammur (133) og mátti ekki slá umhverfis steininn" (Guðmundur Jónsson 1980).

Aðrar upplýsingar

Helga Guðmundsdóttir sagði að aldrei hafi mátt klifra upp á steininn og að dyr hans hafi snúið í suður.

Heimildaskrá:

Guðmundur Jónsson. Kluftir, Hrunamannahreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Helga Guðmundsdóttir, munnlegar upplýsingar.



Mynd 7. Huldufólkssteinninn, Klufti, 305-07, séð í norður. Á myndinni er Helga Guðmundsdóttir og fjölskylda hennar.

KLU-166791 305 - 08

N64 12.336 W20 09.381

Hlutverk: sauðahús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar



Mynd 8. Sauðahús, 305-08, séð í suður.

Staðhættir og lýsing

Í norðurjaðri túnsins, vestan við bæjarlækinn. Grasi gróið allt um kring og yfir vegg. Dyr vísa í suður, innanmál er um 4 x 2 m. Veggir eru grjóthlaðnir innan,

vel uppistandandi....., veggjahæð er um 1 m innan. Bárujárn úr þaki var inni í tóftinni sem er grafin inn í hlíðina.

Aðrar upplýsingar

Þetta hús var notað í tíð Helgu Guðmundsdóttur, sem flutti frá Kluftum árið 1944, en ekki í tíð Garðars Gestssonar, sem bjó þar til 1954.

Heimildarmaður:

Helga Guðmundsdóttir og Garðar Gestsson.

KLU-166791 305 - 09

Hlutverk: túngarður
Tegund: garður
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Garðurinn er beint fyrir ofan (norðan) 305-08. Hann liggur út í bæjargilið og svo að 305-10. Hann er hlaðinn með gaddavírsgirðingu ofaná.

"Stöðullinn (134) var ofarlega í túninu austan við bæjarlækinn þar sem gljúfrið byrjar. Munu þar vera einhverjar tættur. Þar hlóð Gísli Pétursson torfgarð um 1910 eða 1911, og mun hann enn sjást. Átti hann að verða upphaf að túngirðingu, en Guðmundur Sigurðsson girti túnið 1936" (Örnefnaskrá).



Mynd 9. Fjárhús, hlaða, rétt, 305-10, séð í suður.

KLU-166791305- 10

N64 12.308 W20 09.496

Sérheiti: Lambhústún
Hlutverk: fjárhús, hlaða, rétt
Tegund: tóft og gerði
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Vestan við 305-08, rétt neðan við girðinguna, vestan við bæinn. Norðan við er grasi gróið melbarð. Austast er fjárhús með garða eftir endilöngu, sem vísar í suður, 9 x 2 m að innanmæli, og aðeins breiðari hlaða við norðurendann, um 3 (lengd) x 3,5 (breidd). Vestan við er rétt, 6 m í vestur og 4 m í norður-suður - inngangur í hana er í vesturhlíð. 1 m bil er á milli réttar og fjárhúss/hlöðu. Sunnan og vestan við er túngarður sem umlykur slétt graslendi. Gæti verið gerði.

"Lambústún (148) var gerði vestan við bæjarlækinn. Fyrrum var þar um 20 kinda hús, en Guðmundur Sigurðsson byggði þar nýtt hús 1934 eða 1935, sem tók 50-60 kindur. Jóhann hlóð gerðið og frá þeim tíma var þar fjárrétt" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 11

N64 12.231 W20 09.325

Hlutverk: fjárhús?
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Stendur hátt rétt norðvestan við læk. Sléttlent og grasi gróið allt um kring. Tóftin er vel yfirgróin. Innanmál 3-4 x 1-2 m. Dyr snúa í 230°.



Mynd 10. Fjárhúsi?, 305-11, séð í suður.

KLU-166791 305 - 12

N64 12.285 W20 09.205

250 m.y.s.

Hlutverk: kartöflugarður
Tegund: gerði
Ástand: eytt vegna rofs
Hættumat: hætta vegna rofs og skógræktar

Staðhættir og lýsing

Garðurinn liggur í halla rétt austan við læk áður en komið er heim að bænum, við þar sem verið var að reisa hús þegar skráning fóf fram. Garðurinn hefur verið rofinn á einum stað vegna framkvæmdanna.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var notaður í tíð Helgu Guðmundsdóttur.



Mynd 11. Kartöflugarður, 305-12, séð í austur.

KLU-166791305 - 13

N64 11.881W2009.961

211 m.y.s.

Hlutverk: ærhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tóftirnar eru á Stekkatúni eða Stekkjartúni, en þar var ærhús fyrir 52 ær, segir í Örnefnaskrá. Þetta eru tvær eða þrjár tóftir,



Mynd 12. Útihús, 305-13, séð í suðaustur. 305-14 er í baksýn.

grafnar inn í hlíðina. Suðaustan við er grasi gróið sléttlendi, gróin hlíðin rís að baki upp í klettabelti.

Ferhyrnd tóft, 6,5 x 2 m að innanmáli, kampar í dyrum sem vísar í 130°. Suðvestan við er líklega hlaða, um 2 x 3 m að innanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir innan og varðveittir. upp í 1,6 m hæð. Norðaustan við er dæld, um 3 m breidd. Þetta gæti verið önnur tóft, rétt eða heystæði. Engin hleðsla sést hér í veggjum og þessi dæld er mun lægri.

Ómögulegt er að þessar tóftir hafi hýst 52 ær, nema e.t.v. ef átt er við 14 einnig.

KLU-166791 305 - 14

N64 11.891 W20.09.908

208 m.y.s.

Hlutverk: ærhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna skógræktar

Staðhættir og lýsing

Tóftin stendur hátt á Stekkatúni eða Stekkjartúni, eins og 305-13, um 30 m austar og neðar. Hún er ferhyrnd, vísar í suðvestur (230°) og er 3-4 x 1-2 m að innanmáli.



Mynd 13. Ærhús, 305-14, séð í austur frá 305-13.

KLU-166791305 - 15

Hlutverk: sauðahús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: lítil hætta

Staðhættir og lýsing

Tóftin er í Fagradal, langt norðvestan við bæinn. Hún er ferhyrnd og aflöng, með breiðari hlöðu í öðrum enda, með fallega grjóthleðslu innan, dyr eru á gaffli og 0,55m háar jötuundirstöður með langveggjum. Þykkt veggja við inngang er 1,9m, langveggja 1,10m. Sauðahúsið er 7,6 x 2,8 m að innanmáli, hlaða 3,4 má lengd, 3,15 má breidd. Veggjahæð hlöðugafls, sem er niðurgrafinn, er 2,3 m, langveggja 1,15 m.



Mynd 14. Sauðahús, 305-15, séð í norðaustur.

Við miðja hlið hússins, 3, 7 m frá því, er lítil rúst, um 3,3 x 2,5 m að umfangi.



Mynd 15. Sauðahús, 305-15, séð í suður.

KLU-166791 305 - 16

N64 11.503 W20 09.798
202 m.y.s.

Hlutverk: kálfagirðing
Tegund: girðing
Ástand: gott
Hættumat: lítil hætta

Staðhættir og lýsing

Rétt innan við girðingu þar sem komið er út úr bæjarlandinu syðst er afmarkað hólft gert úr löngum trjábolum, sem eru gamlir símastaurar. Þetta er kálfagirðing sem var notuð þegar sveitarfélagið átti jörðina.

KLU-166791 305 - 17

Sérheiti: Fjósahvammur/Kúadalur
Hlutverk:
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Fjósahvammur (127) nefnist smáhvammur vestan við bæinn og neðan við fjósið. Þar bráðnar snjór e.t.v. vegna jarðhita. Vestan við fjósið var kálgarður Kúadalur (141) er líklega annað nafn á Fjósahvammi" (Örnefnaskrá).

KLU-166791305-18

Sérheiti: Hestabrekkur
Hlutverk: skjól fyrir hesta
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Hestabrekkur (7) nefnast brekkur við Kluftá vestan við Dísuskarðsás. Þar höfðu hestar skjól í vondum veðrum" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 19

Sérheiti: Hrossatungur
Hlutverk: hrossabeit
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Hrossatungur (35) nefnist tungan milli Markagils og Kluftár. Þar er bæði valllendi og mýri og góð beit fyrir hross" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 20

Sérheiti: Eystri Hrossatungur
Hlutverk: hrossabeit
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Hrossatungur (35) nefnist tungan milli Markagils og Kluftár. Þar er bæði vallendi og mýri og góð beit fyrir hross. Þar er

lækur sem skiptir tungunum í Eystri- (36) og Vestri-Hrossatungur (37)" (Örnefnaskrá).

KLU-166791305 - 21

Sérheiti: Vestri Hrossatungur
Hlutverk: hrossabeit
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Hrossatungur (35) nefnist tungan milli Markagils og Kluftár. Þar er bæði valllendi og mýri og góð beit fyrir hross. Þar er lækur sem skiptir tungunum í Eystri- (36) og Vestri-Hrossatungur (37)" (Örnefnaskrá).

KLU-166791305 - 22

Sérheiti: Lágatún
Hlutverk: tún
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Rani (142) er smáhæð í túninu framan við bæinn og eru brattar brekkur á báðar hliðar. Lágatún (143) nefnist túnið fremst í tungunni, þar sem báðar kvíslar bæjarlæksins renna saman. Þar var hesthús efst" (Örnefnaskrá).

KLU-166791305- 23

Sérheiti: Laugin
Hlutverk: laug
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Laugin (81) er volg uppspretta suðaustan við Laugarás" (Örnefnaskrá).

KLU-166791305- 24

Sérheiti: Sauðabrekka
Hlutverk: beit fyrir sauði

Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Sauðabrekkan(1 36) nefnist brekka í túninu ofan við bæinn" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 25

Sérheiti: Sláttulág
Hlutverk: grassláttu
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Sláttulág (21) er valllendi milli Áaráss og Moldáss. Nafnið bendir til, að þar hafi verið slegið, en það var þó ekki gert á seinni árum" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 26

Sérheiti: Stöðullinn
Hlutverk: stöðull¹
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Stöðullinn (134) er ofarlega í túninu austan við bæjarlækinn þar sem gljúfrið byrjar. Þar munu vera einhverjar tættur. Þar hlóð Gísli Pétursson torfgarð um 1910 eða 1911, og mun hann enn sjást. Átti hann að vera upphafið að túngirðingu, en Guðmundur Sigurðsson girti túnið 1936. Stöðulbrekkur (135) nefnast brekkur í túninu þar neðan við" (Örnefnaskrá).

KLU-166791 305 - 27

Sérheiti: Vörður
Hlutverk: varða
Tegund: örnefni

Staðhættir og lýsing

"Vörður (117) munu vera á vörðuásnum, sem hann dregur nafn af" (Örnefnaskrá).

¹ Staður þar sem kvíær eða kýr voru mjólkaðar.

Niðurstöður skráningar

Í þessari skýrslu eru skráðir 27 minjastaðir. Þar af eru tóftir eða aðrar minjar á 16 þeirra, en 11 örnefni eru skráð sem gefa til kynna athafnir manna. Bærinn hefur verið í eyði síðan árið 1954 og engar meiri háttar athafnir hafa farið fram þar síðan þá. Landið hefur því ekki verið beitt neinum stórvirkum tækjum. Bæjarstæðið, heimatún og útihúsatóftir, sem vel sér merki um innan þess, gefa því góða óskerta mynd af því hvernig afdalabýli á Íslandi hefur litið út og verið skipulagt, að öllum líkindum frá ómunatíð. Sem menningarlandslagi er því vert að hlífa þeim hluta landareignarinnar sem þessar minjar eru á við röskun eftir því sem kostur er.

Heimildaskrá

Árbókferðafélags Íslands 1996. Ofan Hreppafjalla. Hrunamannaafréttur og efstu heimalönd.

Björn Lárusson, 1967. *The old Icelandic Land Registers*. Lund.

Guðmundur Jónsson. *Kluftir, Hrunamannahreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun Íslands 1980.

ÍF I *Íslenskforrit I. Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1969.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 2, Kaupmannahöfn 1918-1921.

Sunnlenskar byggðir I. Tungur, Hreppar, Skeið. Búnaðarsamband Suðurlands 1980.





ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS